

### GREINARGERÐ

#### Staðsetning og lýsing

Um er að ræða lóð við Tinnuskard 22.

Sótt er um að byggja tveggja hæða þarhús, með tveim íbúðum. Á lóðinni eru einn mhl. Húsin eru steypt, einangruð að utan og svo klædd með timburklæðningu og stálklæðningu. Þak: einhalla sperrubak, sperrur 250x50, einangrað með 220 mm steinullareinangrun milli sperra og klætt með borðaklæðningu, og svo soðin á þakpappklæðning. Loftun þaksins er um 20mm rifur m. neti, milli steypu og sperru í hvorn enda hvers sperrubils, neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind, þakhalli er 6.6 gráður.

Útveggir eru staðsteyptir, einangraðir með 100mm steinull að utan og svo klæðning.

Gólf er steypt plata einangrað undir plötu 100 mm plasteinangrun. Sökkjar: eru staðsteyptir með 100 mm einangrun. Svalir, steypt plata, einangrun plast tilskorin í vatnhalla, dúkur og svo hellur ysta lag

Gler: gluggar eru verksmiðjuframleiddir, ál timbur, eða álguggar af víðurkenndum framleiðanda með silittinni kuldabru, tvöfalt k-gler er í gluggum, gler skal vera samkvæmt grein 12.4.3.

Loftræsting: á baðherbergjum, þvottahúsi og eldhúsi skal vera vélræn loftræsting samanber 10.2.5 gr.112/2012, annars staðar skal loftræsta með opnanlegum gluggum. Loftræsting í lokuðu rými samkvæmt 10.5.2 gr.

Innveggir skulu vera 120mm úr blikk/ timburstöðum, klætt með gífsi. Hurðir inni hindrunarlaus umferðarbreidd amk 80 cm á breidd og 200cm á hæð, aðalinngangur, og aðalinngangshurð amk 83cm á breidd og 207cm á hæð

Frárennislagnir eru pvc plaströr í grunni og undir botnplötu, en plaströr eru vel varin og einangruð í veggjum. Miðstöðvar og neysluvatnslagnir eru hefðbundnar lagðar í veggraufar og klætt yfir. allar lagnir eru vafðar og einangraðar. farið skal eftir stöðlum og fyrirmælum Orkuveitu varðandi inntak o.fl. Hitastig neysluvatns við töppunarstað skal vera hámark 65 gráður. Vélræn loftræsting skal vera í þvottahúsi, baðherbergjum og eldhúsum, samanber 10.2.5 gr

Handrið við svalir steypt 115 cm á hæð. Handrið inni skal vera veggur og handlisti samkvæmt reglugerð, hæð 110cm uppi við stigaop

Bréfalúgur skulu vera stærð amk 25x250mm og hæð amk 1000 mm frá neðri brún hurðar

4 bílastæði eru á lóðinni. Möguleiki á rafhleðslustöð við bílastæði. Þar sem hús er þarhús að miðri lóð, þá er lóðinni skipt í tvennt, sjá grunnmynd.

Allur lóðarfrágangur á lóðarmörkum skal vera gerður í samráði við aðliggjandi lóðarhafa. Tvær sorptunnur fyrir hvora íbúð, samkvæmt reglum frá Hafnarfrjóðarbæ.

Algild hönnun: ekki er gert ráð fyrir algildri hönnun þar sem húsið er í miklum halla. og á tveim hæðum  
Hljóðvistarkröfur skulu vera á milli íbúða í samræmi við grein 11.1.2 sem vísar í Ist 45 2011

Kólnunartölur skulu vera í samræmi við IST 66.  
helstu kólnunartölur U-gildi (W/m<sup>2</sup> K)  
botnplata 0.3  
þak 0.15  
útveggir 0.40  
vegið meðaltal húss 1.01

stærð á húsi bruttó tölur  
mhl 01 396.6m<sup>2</sup> 1222.4m<sup>3</sup>

lóðarstærð 725m<sup>2</sup>  
nýtingarhlutfall 0.54

### BRUNAVARNIR

Flokkun og notkun byggingar  
Byggingin verður í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða þarhús með íbúðum íbúðum.

Brunahólfun  
Hver íbúð er sér meginbrunahólf. bílskúrar eru sér brunahólf. Brunarvirki

Hæðaskil eru a.m.k. REI90.  
Brunamótstaða aðalburðarvirka er a.m.k. R90.  
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.





Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.  
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 (K10 B,s1-d0).  
Útanhúsklæðningar eru í flokki A,s1-d0.  
klæðningar í bílskúr í flokki 1.

Flóttaleiðir:  
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá hverri íbúð. Á efri hæð eru tvær aðskildar flóttaleiðir, svalir og svo úr hjónaherbergi. Reykskyrnjarar verða í íbúðum, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m<sup>2</sup>.  
Reykosun: Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki:  
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri íbúðar, t.d. 6 L létvatn og eitt slökkvitæki í bílskúr.  
Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.

Samþykkt þann  
04. MAÍ 2022

Byggingarfulltrúi í Hafnarfirði  
Sári Björnsson



SAS  
3.05.2022

TINNUSKARD 22 - HAFNARFIRÐI		
ÚTLIT, SNIÐ		
MKV: 1:100	DAGS: APRIL - 2022	A2
smari.bjornsson@gmail.com	SÍMI: 868 1300	
Smári Björnsson kt.1002755899	NR 2	

*[Handwritten signature]*